



Alþingi
Erindi nr. P 139/404
komudagur 25.11.2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 25. nóvember 2010.


Efni: umsög um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 200. mál, þskj. 217, 139. lþ.

Með tölvubréfi dags. 22.nóvember 2010 óskaði efnahags- og skattanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 200. mál, þskj. 217, 139. lþ. Farið var fram á að umsögn bærst ekki seinna en 26. nóvember 2010.

Á þeim stutta tíma sem gefinn var til umsagnar umfrumvarpið hafði Jafnréttisstofa ekki tók á að fara ofan í saumana á þeim tillögum sem koma fram í frumvarpinu. Jafnréttisstofu bendir þó á að nauðsynlegt sé að fara yfir það af löggjafarvaldinu að þær ráðstafanir sem gripið verður til í ríkisfjármálum lendi ekki misjafnlega vel/illa á konum og körlum. Sjónarmið um jafnrétti kynjanna þurfa alltaf að vera með þegar ákvarðanir um fjármál ríkisins eru teknar.

Jafnréttisstofa lýsir áhyggjum sínum af þeirri skerðingu barnabóta sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins og hvetur löggjafann til þess að finna aðrar leiðir en að lækka þær bætur. Vitað er að fjárhagsstaða einstæðra foreldra er með því versta sem gerist hér á landi og því ótækt að skerða ráðstöfunartekjur þess hóps eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins. Sjá nánar um fjárhagsstöðu einstæðra foreldra í Hagtíðindum frá 19. nóv. s.l. <http://www.statice.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=11925>

Virðingarfyllst
f.h. Jafnréttisstofu


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur